

Nd.

165. Frumvarp til laga

[138. mál]

um breytingu á lögum nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Flm.: Albert Guðmundsson.

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:

- a. Nýr liður 04.02.25 orðist svo:
Mjólk (þó ekki mysa) í formi dufts sérstaklega tilreidd fyrir ungbörn.
Tollur: 0
- b. Nýr liður 19.02.03. orðist svo:
Ungbarnamjöl. Tollur: 0
- c. Nýr liður 20.02.11. orðist svo:
Ungbarnamatur. Tollur: 0
- d. Nýr liður 20.05.04. orðist svo:
Ungbarnamatur. Tollur: 0
- e. Nýr liður 20.06.11. orðist svo:
Ungbarnamatur. Tollur: 0
- f. Nýr liður 21.05.03. orðist svo:
Ungbarnamatur. Tollur 0

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta miðar að því, að aðflutningsgjöld verði felld niður af matvörum sem sérstaklega eru tilreiddar fyrir ungbörn.

Flestum mun kunnugt um þá umræðu sem nýlega fór fram um misrétti í álagningu aðflutningsgjalda af innfluttum vörum. Einna hróplegast er misréttið þar sem gjöld af fæðu handa ungbörnum eru um og yfir 100%, á sama tíma og gjöld af gælu-dýrafóðri, svo sem hunda- og kattamat, eru engin. Þó víða megi benda á svipað misrétti í tollskránni verður hér aðeins miðað við að ungbarnafæða verði ekki hærra tolluð en gæludýrafóður svo að misrétti þar að lútandi verði útrýmt.

Eftirfarandi dæmi eru um álögð gjöld á nokkrar tegundir ungbarnafæðu:

04.02.20 Mjólkurduft: tollur 50%.

*19.02.09 Ungbarnamjöl: tollur 50%, vörugjald 24%.

20.02.05 Gulrætur í mauki fyrir börn: tollur 70%, vörugjald 24%.

20.05.04 Eplamauk fyrir börn: tollur 70%, vörugjald 24%.

20.06.20 Ávaxtamauk fyrir börn: tollur 50%, vörugjald 24%.

En í tollflokki 23.07.00 er hunda- og kattamatur: tollaður 0% og vörugjald 0%.

Á þessu stutta yfirliti sést hversu augljóst misræmið er, sérstaklega þegar haft er í huga að matur handa ungbörnum er efnabættur og þannig nauðsynlegur til dæmis í þeim tilvikum þar sem ekki er næg móðurmjólk fyrir hendi handa ungbörnum.

Í allra augum hljóta þarfir ungbarna að vera æðri þörfum gæludýra og því ætti það að vera lágmarkskrafa að fæða ungbarna bæri a. m. k. ekki þyngri gjöld en fóður handa blessuðum dýrunum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er bætt inn tollskrárnúmerum sem sérstaklega tiltaka ungbarnamat í þeim köflum tollskrárinnar sem við á, þannig að framkvæmd þeirra breytinga, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, verði sem auðveldust.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.